

verið rakið, og rökstuðnings stefnda um þetta atriði, að taka aðalkröfu hans um sýknu til greina.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Dví dæmist rétt vera:

Stefndur, Stjórnarnefnd rikisspítalanna, á að vera sýkn af kröfum Alþýðusambands Íslands f. h. starfsstúlknafélagsins Sóknar í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Laugardaginn 18. apríl 1942.

Nr. 7/1941. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga.**

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. verklyðsfélagsins Baldurs á Ísafirði vegna bifreiðastjóradeildar þess.

Einhliða ákvörðun verklyðsfélags um að hækka akstursgjöld fyrir bifreiðar talin brot á kjarasamningi þess við vinnuveitendafélag. Endurgreiðslukröfu vinnuveitendafélagsins vísað frá dómi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 11. nóv. f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verklyðsfélagsins Baldurs á Ísafirði vegna bifreiðastjóradeildar þess. Er málið var þingfest var mætt í því af hálfu stefnda og fékk hann frest í því til vitnaleiðslu, er hann kvað þurfa að fara fram á Ísafirði. En er málið féll í rétt 24. f. m., var neitað um frekari frest af hálfu stefnanda og var stefnda þá úrskurðaður frestur til 27. s. m. til þess að leggja fram greinargerð, en þá var ekki mætt af hans hálfu og kom engin greinargerð frá honum í málinu. Er það því flutt skriflega og dæmt samkvæmt framkomnum skjölum og skilríkjum.

Samkvæmt málsútlitun stefnanda og framlögðum skilríkjum eru málavextir þessir:

Þann 31. marz 1939 sömdu Vinnuveitendafélag Ísfirðinga og verklyðsfélagið Baldur á Ísafirði fyrir hönd bifreiðastjóradeildar sinnar um gjald fyrir akstur vörubifreiða, og skyldi sá samningur gilda til 1. apríl næsta ár. En þann 23. nóv. 1939 tilkynnti verklyðsfélagið í hádegisútvarpinu þann dag, að frá þeim degi hækkaði gjald fyrir akstur vörubifreiða um 25%. Er formaður Vinnuveitendafélags Ísfirðinga mótmælti þessari hækkun við einn af stjórnendum verklyðsfélagsins kom í ljós, að verklyðsfélagið hafði skrifað vinnuveitendafélaginu bréf, dags. 19. nóv. 1939, þess efnis, að þar sem bifreiðastjórar hefðu orðið fyrir gifurlegri kauplækkun vegna verðhækkunar á bilhlutum og benzini þá teldi félagið óumflýjanlegt, að umsamin greiðsla fyrir akstur hækkaði þá þegar um 25%. Segir verklyðsfélagið, að það muni líta svo á sem það hafi samþykki vinnuveitendafélagsins til hækkunar þessarar, ef ekki hefði borizt neikvætt svar frá því „kl. 12 á hádegi n. k. miðvikudag“. Bréfi þessu, sem ekki kom til vinnuveitendafélagsins fyrr en eftir að hækkunin hafði verið boðuð í útvarpinu þann 2. nóv., svaraði Vinnuveitendafélag Ísfirðinga þann 7. des. s. á. á þá leið, að það teldi umrædda kauphækkun tímælalaust brot á samningi félaganna frá 31. marz 1939, og kvaðst geyma sér óskertan rétt til bóta fyrir brotið. Með bréfi, dags. 12. s. m., neitaði verklyðsfélagið að hafa gerzt brotlegt „með því að hækka keyrslugjöld, þar sem það er einvörðungu gert til þess að mæta auknum rekstrarkostnaði“, og taldi enda, að það hefði haft samþykki vinnuveitendafélagsins til hækkunarinnar, þar sem ekki hefði borizt svar frá því áður en umræddur frestur var útrunninn. Auk þess hefði hækkunin verið samþykkt í verki.

Þegar hér var komið málum kveðst vinnuveitendafélagið hafa tilkynnt meðlimum sínum, að þeir skyldu gera fyrirvar um endurgreiðslu þegar þeir greiddu hærra ökugjaldið, og kveður stefnandi þá hafa gert það, í stað þess að láta koma til verkfalls. Og á stjórnarfundi í Vinnuveitendafélagi Ísfirðinga 17. janúar 1940 var ákveðið, að skjóta þessu atriði til félagsdóms, og var mál upphaflega höfðað út af því hér fyrir dómi með stefnu 5. apríl 1940, en eitt sinn, er málið skyldi koma fyrir, var ekki mætt í því af hálfu að-

ilja, og féll það þá niður. En nú hefur stefnandi höfðað það að nýju, svo sem að framan greinir, og gerir hann þær dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að framangreind gjaldhækkun bílstjóradeildar verklýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði verði talin brot á áðurnefndum samningi við Vinnuveitendafélag Ísfirðinga, dags. 31. marz 1939.
2. Að verklýðsfélagið Baldur f. h. bílstjóradeildar sinnar verði dæmt til þess að endurgreiða meðlimum Vinnuveitendafélags Ísfirðinga þau akstursgjöld, sem frá 23. nóv. 1939 til 1. apríl 1940 (þegar nýr samningur var gerður) voru tekin af þeim, fram yfir það, sem ákveðið er í ofanefndum samningi félagsins, dags. 31. marz 1939.
3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Verða kröfur stefnanda nú teknar til athugunar.

Um 1. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, verður ekki annað séð, en að bifreiðastjóradeild verklýðsfélagsins Baldurs hafi, með einhliða ákvöðun sinni, ákveðið, að gjald fyrir akstur vörubifreiða skyldi hækka um 25% frá því, sem samið hafði verið um milli málsaðilja með framangreindum samningi frá 31. marz 1939. Heimild til slíkrar einhliða breytingar á nefndum samningi, gegn vilja hins sammingsaðiljans, er ekki að finna í samningi þessum, og hún er ekki fram komin í öðrum skjölum málsins. Ekki verður heldur talið, að verklýðsfélagið hafi haft samþykki vinnuveitendafélagsins til hennar. Ber því að taka til greina þá kröfu stefnanda að framangreind gjaldhækkun teljist brot á samningi aðilja frá 31. marz 1939.

Um 2. Þessi liður felur í sér kröfu um endurgreiðslu ótilltekinna fjárhæðar. Ekkert kemur fram í skjölum málsins um hve háa upphæð er að ræða, né þeir nafngreindir, er innt hafa hana af hendi, né til hverra hún hafi gengið, og yfirleitt vantar alla greinargerð fyrir kröfu þessari, eins og hún er orðuð í stefnu. Sökum þessarar óákveðnu kröfugerðar, og vegna skorts á fullnægjandi greinargerð fyrir henni, er ekki unnt að taka afstöðu til réttmætis hennar, og ber því að vísa henni frá dómi.

Tveir dómendanna, þeir Gunnlaugur E. Briem og Sigurjón Á Ólafsson, geta ekki fallizt á greinda niðurstöðu að

Því er varðar 2. kröfulið, og gera þessa grein fyrir sérstöðu sinni:

„Í stefnu þessa máls er skýrt frá því, að 1. apríl 1940 hafi verið gerður nýr samningur um akstursgjöld milli aðilja þessa máls.

Þar sem ekkert er upplýst um það í þessu máli, að stefnandi hafi við þessa samningagerð áskilið sér rétt til að krefjast endurgreiðslu út af vanefndum á eldra samningnum, verður rétturinn að líta svo á, að stefnandi hafi fyrirgert þeim rétti, sem hann kynni að eiga, og ber því að sýkna stefndan af endurgreiðslukröfu stefnanda í þessu máli“ .

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda kr. 100.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

1. Framangreind hækkun bifreiðastjóradeildar verklyðsfélagsins Baldurs á Ísafirði, á akstursgjöldum frá 23. nóv. 1939, telst brot á samningi verklyðsfélagsins og Vinnuveitendafélags Ísfirðinga, dags. 31. marz 1939.
2. Endurgreiðslukröfu Vinnuveitendafélags Ísfirðinga á hendur verklyðsfélaginu Baldri vegna bifreiðastjóradeildar þess, vísast frá dómi.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verklyðsfélagsins Baldurs á Ísafirði vegna bifreiðastjóradeildar þess, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga, kr. 100.00 í málskostnað, innan 14 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.